

Guðmundi Sæmundssyni í Eyði-Sandvík kr. 274,00
skaðabætur innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 30. jan. 1933.

Nr. 133/1932. **Réttvísinn** (Lárus Jóhannesson)

gegn

Guðmundi Sigurðssyni

(Jón Ásbjörnsson).

Brot g. 212. og 186. gr. h. alm. hegnl.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 25. febrúar 1932: Ákærður, Guðmundur Sigurðsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 3 mánuði. Hann greiði frú Kerff 597 krónur í skaðabætur innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Loks greiði hann allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kostnaðinn við gæzluvarðhald sitt.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt því, sem fram er komið í málinu, virðist mega gera ráð fyrir því, að ákærði hafi hegðað sér vel og þrúðmannlega yfirleitt þar til hann framdi brot það, sem í þessu máli greinir.

Hann bauð þegar fram ríflegar skaðabætur til konu þeirrar, sem fyrir árás hans varð, og hefir samkvæmt óvæfengdri skýrslu verjanda síns hér fyrir dómi, greitt þær að fullu. Af þessum ástæðum þykir mega ákveða, að framkvæmd refsingar þeirrar, sem ákærða er dæmd í hinum áfrýjaða dómi, skuli fresta og að hún skuli niður falla að fimm árum liðnum, ef skilorð laga nr. 39/1907 verða haldin. Með þessum viðauka þykir mega staðfesta hinn

áfrýjaða dóm, bæði um lýsingu hans á málavöxtum og ákvörðun refsingarinnar, svo og um greiðslu sakarkostnaðar. En með því að ákærði hefir þegar greitt fullar bætur, þykir ekki ástæða til þess, að taka ákvæði um greiðslu þeirra í dóm í málinu fyrir þessum dómstóli.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera :

Ákærði, Guðmundur Sigurðsson, sæti 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og niður skal hún falla að fimm árum liðnum, ef skilorð laga nr. 39/1907 verða haldin. Svo greiði ákærði allan sakarkostnað í héraði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Lárusar Jóhannessonar og Jóns Ásbjörnssonar, 80 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvisinnar hálfu höfðað gegn Guðmundi Sigurðssyni, Vallargötu 9 í Keflavík, fyrir brot gegn ákvæðum 16. og 20. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 og lögum nr. 51, frá 1928 um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

Málavextir eru þessir. Nóttina milli 2. og 3. nóvember réðist ákærður á frú Mariu Kerff, Grettisgötu 64, á götu rétt fyrir framan hús hennar með þeim hætti, sem nú skal greina. Lögregluþjónn, Karl Guðmundsson, sem var á verði í austurbænum þessa nótt, var kl. 2½ staddur á gatnamótum Barónsstígs og Laugavegs hjá húsi Árna Sveinssonar. Heyrði lögregluþjónninn þá mannamál efst uppi á Barónsstignum og bar mest á kvenmannsrödd. Skömmu síðar heyrði lögregluþjónninn skerandi neyðar-óp og stökk þegar af stað upp Barónsstiginn. Er lögregluþjónninn kom á móts við húsið Barónsstíg 33, sem er annað hús frá Grettisgötu 64, þá sér hann hvar ákærður lá ofan á kvenmanni þar upp við húsvegginn. Er lögregluþjónninn var rétt kominn þar að, stökk ákærður upp og tók á rás niður Barónsstiginn. Náði lögregluþjónninn honum brátt og hálfdróg hann upp Barónsstiginn og inn í forstofu á Grettisgötu 64, sem var heimili frú Kerff. Þaðan var hringt á lögreglubílinn og keyrði lögregluþjónninn ákærðan í varðhald.

Frú Kerff hefir skýrt svo frá, að hún hafi verið að halda heim til sín úr boði þessa nótt, er hún varð fyrir á-rásinni. Fyrst varð hún vör við ákærða er hún kom á hornið á Njálsgötu og Barónsstíg. Kallaði ákærður þá eitthvað til hennar, og hrifsaði í hana, en hún sleit sig af honum. Elti ákærður hana síðan, unz hún var komin því sem næst heim til sín, náði ákærður henni aftur, hrifsaði til hennar og skellti henni niður á götuna, og lagðist ofan á hana. Stympaðist frúin á móti, en ákærður lá ofan á henni og hafði oftari en einu sinni í hótunum með að taka hana með valdi, en framkvæmdi þó ekkert í þá átt, en sleit kápuna frá henni og fletti upp um hana kjólnum. Í þessum svifum bar lögregluþjónninn þar að, og lagði ákærður þá á flóttu svo sem fyrr segir. Það var úðasuddi þessa nótt, og göturnar blautar og þess vegna urðu fót frúarinnar innri sem ytri gegnforug og eyðilögðust að mestu.

Ákærður hefir enga grein getað gert fyrir hvötum sínum til árásarinnar. Hann kveðst hafa verið svo fullur, að hann muni ekkert eftir viðureigninni. Hann hefir og enga grein getað gert fyrir því, hvar hann hafi verið um kvöldið, eða með hverjum hann hafi verið, eða hvernig stóð á því að hann var staddur upp á Barónsstíg þessa nótt.

Lögregluþjónninn, sem kom þarna að, hefir borið það. að sér hafi virzt ákærður mjög fullur, þó hafi hann ekki slagað á hlaupunum, en hálf dottið fram á sig. Sagði hann lögregluþjóninum, að hann hefði verið sleginn í höfuðið með hamri, en þess sáust engin merki. En þegar lögregluþjónninn var kominn með hann inn í forstofuna á Grettisgötu 64, þá var hann settur þar í stigann og þar datt hann samstundis útaf og sofnaði. Var ómögulegt að vekja hann eftir þetta. Vaknaði ákærður aldrei á leiðinni í hegningarhúsið og í þessu ástandi skildi lögregluþjónninn við hann í varðhaldinu.

Frú Kerff hefir borið það, að henni hafi virzt ákærður drukinn, en þó ekki það sem kallað er útúrdrukinn. Í stypingunum við ákærðan marðist hún á hægra handlegg, hægra læri og mjöðm, en er nú orðin jafngóð af því.

Í lögreglurétti Gullbringu- og Kjósarsýslu hafa verið teknar skýrslur af kunningjum ákærða um framkoma hans utan vins og með vini. Fær hann þar þann vitnisburð, að hann sé dagfarsgóður, þrúður og vandaður í framkomu, orði og athöfnum, en hugsanir hans og orð verði allt öðruvísi þegar hann sé orðinn ölvaður. En aldrei kveðast kunningjar hans hafa vitað til, að hugur ákærða hneigðist til kvenna, hvorki við áfengi eða án þess.

Frú Kerff hefir krafizt 597 króna skaðabóta fyrir fata-skemmdir og meiðsli og lagt fram sundurliðaðan reikning. Ákærður hefir lýst því yfir, að hann hafi ekkert við reikning þennan að athuga og tjáð sig fúsan til að greiða þessa upphæð.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 14. september 1895. Honum hefir ekki verið refsað áður. Hann sat í gæzluvarðhaldi frá 3—5 nóvember f. á.

Þótt svo megi virðast að tilgangur ákærðs með árássinni geti tæplega verið annar en sá, að taka kæranda, frú Kerff, með valdi, þá þykir þó ekki næg ástæða til þess að dæma ákærðan fyrir tilraun til nauðgunar samkvæmt 169. grein hegningarlaganna, þar sem það er viðurkennt, að hann ekki sýndi frúnni nein friðilsatlot í viðureigninni við hana. Ber því að álit dómarans að heimfæra brot ákærða undir 212. og 186. grein hinna almennu hegningarlaga og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi við

venjulegt fangaviðurværi í 3 mánuði. Svo greiði hann Mariu Kerff 597 krónur í skaðabætur innan 15 daga frá uppsögn dóms þessa. Loks greiði hann allan kostnað sakarinnar. Þar á meðal kostnaðinn við gæzluvarðhald sitt.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Mánudaginn 30. jan. 1933.

Nr. 6/1931. **Réttvísín**

gegn

Birni Gíslasyni og Hansínu Ingu Pétursdóttur.

Úrskurður hæstaréttar.

Verjandi telur þurfa framhaldsrannsóknar í máli þessu vegna eftirfarandi atriða, er hann telur munu skipta máli um sekt eða sýknu hinna ákærðu.

1. Út af yfirlýsingu H. nokkurs Hemmingsens í Kaupmannahöfn, dags. 8. dez. 1931, um það, að hann hafi án vitundar ákærða, Björns Gíslasonar, sett stimpil „Hattaverzlunin á Klapparstíg“ fyrir ofan samþykki Björns á víxil þann, er gaf tilefni til úrskurðar skiptaréttar Reykjavíkur 24. ágúst 1929 um gjaldþrot ákærðu, Hansínu Ingu Pétursdóttur og í dómi hæstaréttar 1 $\frac{3}{4}$ 1931 greinir, og að hann hafi búið stimpil þenna til án vitundar ákærða, Björns Gíslasonar. Telur verjandi, ef þetta reynist rétt, víxil þenna Hansínu Ingu óviðkomandi, og hefði hún því, sem eigandi nefndrar Hattaverzlunar verið ranglega úrskurðuð gjaldþrota.

En með því, að næg sönnun var fram komin